

Fundargerð 112. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða

Fundur haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9, miðvikudaginn 20. apríl 2016.

Viðstaddir: Albína Thordarson formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Guðjón Bragason, Sævar Skaptason, Jón Geir Pétursson UAR, Stefán Guðmundsson UAR og Eydís Eyjólfsdóttir FOR.

Frá FMS: Helena Karlsdóttir, Örn Þór Halldórsson, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir og Hjörleifur Finnsson.

Fundargerð:

1. Lög nr. 20/2016- Lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum
 - a. Jón Geir hjá Umhverfissráðuneytinu fór yfir Lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum nr. 20/2016. Samþykkt á Alþingi 30.mars 2016.
 - a) Aðdragandi lagasetningar er fjölgun ferðamanna umfram áætlun og þar með aukin þörf á allskonar þjónustu (innviðapjónustu). Ríkur vilji að innan 6 mánaða verði komin bráðabirgðaáætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannaleiðum, ferðamannastöðum og ferðamannasvæðum sem verði kynnt.
2. Yfirferð vegna FF9
 - a. Farið yfir aukaúthlutun 2015 - FF9 með Stefáni Péturssyni hjá Umhverfissráðuneytinu og Eydísi Eyjólfsdóttur hjá Forsætisráðuneytinu. Fjöldmörg verkefni ókláruð og eiga eftir að skila inn lokaskýrslu.
 - a) Til stendur að öllu verði lokið af hálfu Forsætisráðuneytisins á næstu dögum. Taka saman það sem eftir stendur hjá Umhverfissráðuneytinu.

Fundi slitið kl. 10:00

Næsti fundur verður 23.maí 2016

Fundargerð ritaði Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir FMS

Undirskrift stjórnar:

